

Skólaráðsfundur BES 11. maí 2026

Haldinn á Stokkseyri kl. 14:15

Boðaðir voru:

Guðrún Björg Aðalsteinsdóttir, skólastjóri
Ragna Berg Gunnarsdóttir, aðstoðarskólastjóri
Guðmundur Ármann Pétursson, fulltrúi foreldra (Boðaði forföll)
Sædís Ósk Harðardóttir, fulltrúi foreldra
Ósk Pálsdóttir, fulltrúi kennara (Boðaði forföll)
Hildur Jónsdóttir, fulltrúi kennara
Hafðís Sigurjónsdóttir, fulltrúi grenndarsamfélags
Sigríður Jónsdóttir, fulltrúi starfsmanna
Kristrún Birta Guðmundsdóttir, fulltrúi nemenda (Boðaði forföll)
Gísli Gunnar Árdal Alfreðsson, fulltrúi nemenda

Dagskrá:

1. Skóladagatal næsta skólaárs kynnt
 - a. Skólasetning 24. ágúst og skólaslit 9. júní. Skóladagatal birt með fyrirvara um breytingar. Dagssetningar árshátíða gætu t.d. breyst.
2. Húsnæðismál á Eyrarbakka
 - a. Sagt frá stöðu húsnæðismála. Opið hús 5. júní með vöflukaffi, gestum boðið að skoða húsnæðið. Rætt að skólaráð og stjórnendur sendi sameiginlega yfirlýsingu á bæjarstjórn eftir kosningar til að kalla eftir framtíðarsýn.
3. Skólastarfið í vetur
 - a. 37 kennslustundir á unglingastigi. Hefur gengið vel. Breyttum tímasetningu eftir áramót sem hefur reynst betur.
 - b. Árshátíðir. Mjög metnaðarfullar og flottar árshátíðir hjá báðum stigum.
 - c. Samstarf við nærsamfélagið
 1. Hafrót og Ásta Guðmundsdóttir (Oceanus). Nemendur í 4. og 5. bekk ásamt elstu börnum leikskólans Strandheima tóku þátt í skapandi listasmiðju í tengslum við Oceanus (Hafsjó). Nemendur máluðu myndir á meðan japanski listamaðurinn Taku lék á píanó alla leið frá Japan í gegnum fjarfundarbúnað, sem skapaði einstaka stemningu. 7. og 8 bekkur fara í heimsókn í Skemmuna 3. júní - þar sem ýmiskonar listaverk eru til sýnist - m.a. verk 4. og 5. bekkjar. 9. og 10. bekkur taka þátt í gjörningi í fjöru 5. júní. Þetta hefur verið gert áður og verið skemmtilegt verkefni. Rætt um að bjóða fjölmiðlum að fjalla um verkefnið og þátttöku BES.
 2. Samstarfið við leikskólann hefur verið einstaklega ánægjulegt í vetur. Skólahópurinn er búinn að koma í nokkrar heimsóknir og þau tóku m.a. þátt í Oceanus með okkur.
 3. Mikið samstarf við Húsið á Eyrabakka.
 - d. Samstarf við stjórn foreldrafélags - hefur verið virkt og gott í vetur og þökkum við kærlega fyrir samstarfið.
 - e. 10. bekkur í ferð erlendis í lok skólaárs - ferð á forræði foreldra. Fulltrúi nemenda ræddi um að gaman væri að gera þetta líka með 10.b á næsta ári og

byrja sem fyrst að safna. Fulltrúi nemenda og fulltrúi foreldra ætla að hafa samband við foreldra 9. bekkjar.

- f. Stöðu og framvindupróf - Prófin gengu vel en niðurstöður liggja ekki fyrir.
 - g. Lestrarátök í allan vetur, sem haldið verður áfram með. Læsissteymið mjög virkt og það er að sjá framfarir hjá nemendum.
4. Útskrift 10. bekkjar – 10. júní kl. 15:00
 5. Skólapúls
 - a. Nemendakönnun - Heildarniðurstaða góð og flestir þættir á uppleið. Farið yfir helstu niðurstöður.
 - b. Foreldrakönnun - Kom ágætlega út en svarhlutfall einstakra þátta hefði mátt vera betra. Farið yfir helstu niðurstöður.
 6. Innleiðing Jákvæðs aga - staðan
 - a. Felur fyrst og fremst í sér áherslu á félagsfærni og lífsleikni sem byggist á gagnkvæmri virðingu, bæði meðal barna og fullorðinna.
 - b. Með Jákvæðum aga sýnum við bæði góðvild og festu á sama tíma en forðumst refsingar og undanlátssemi.
 - c. Eitt af grundvallarverkfærum Jákvæðs aga eru bekkjarfundir sem fela m.a. í sér þjálfun í hrósi og hvatningu, félagslegan stuðning, þrautalausnir og sameiginlegar ákvarðanir.
 - d. Innleiðingin komin styttra af stað en við vildum en vinnan er þó í gangi og sumir kennarar komnir lengra en aðrir. Innleiðingin heldur áfram á næsta skólaári.
 7. Önnur mál
 - a. Von á 14 nemendum í fyrsta bekk næsta skólaár.
 - b. Fulltrúi foreldra lýsti yfir ánægju með innkomu stærðfræðikennara á miðju skólaári.

Fundi slitið kl. 15:10